

Verklagsreglur Reykjavíkurborgar um gerð og meðferð umsagna, álit og önnur gögn til þingnefnda og samráðsgáttar stjórnvalda.

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda um gerð og meðferð umsagna, álit og önnur gögn frá Reykjavíkurborg til þingnefnda sbr. reglur forsætisnefndar Alþingis um meðferð erinda til þingnefnda, sjá viðauka I.

Reykjavíkurborg veitir að jafnaði aðeins umsagnir um stjórnarfrumvörp og frumvörp nefnda. Að jafnaði eru ekki veittar umsagnir um þingmannamál nema forgangsmál þingflokka og/eða þau varði hagsmuni borgarinnar sérstaklega.

Reglurnar ná einnig til umsagna og erinda sem send eru í samráðsgátt stjórnvalda um áform um lagasetningu, drög að lagafrumvörpum og reglugerðum og stefnumótunarskjöl.

2. gr.

Ábyrgð

Skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á framfylgd reglna þessara og fer með fyrirsvar Reykjavíkurborgar gagnvart Alþingi og samráðsgátt stjórnvalda. Erindi Alþingis skulu skráð og varðveitt á skrifstofu borgarstjórnar.

Erindum vegna reglna þessa s.s. umsagnarbeiðnum, boðunum, skráningum og beiðnum um birtingu skal beint á netfangið: althingi@reykjavik.is

Skrifstofa borgarstjórnar afgreiðir umsagnarbeiðnir Alþingis til nefnda, ráða, sviða og/eða skrifstofa eins skjótt og unnt er með hæfilegum fresti til vinnslu umsagnarinnar. Heimilt er að undirbúa umsagnargerð um stjórnarfrumvörp áður en formlegt erindi þar um berst.

Skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á að senda umsagnir Reykjavíkurborgar til Alþingis innan þess frests sem veittur er. Ef fyrirséð er að vinnsla umsagnar dragist fram yfir veittan tíma skal skrifstofa borgarstjórnar óska eftir fresti.

Skrifstofa borgarstjórnar annast jafnframt birtingu umsagna á vef Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Umsögn

Umsagnir skulu settar fram í nafni Reykjavíkurborgar, ekki einstaka ráða, sviða eða skrifstofa og undirritaðar af höfundi með nafni og starfsheiti. Þegar skrifstofa borgarstjórnar eða höfundur umsagnar metur það svo að um sé að ræða mál sem varðar verulega hagsmuni Reykjavíkurborgar skal umsögnin einnig undirrituð af borgarstjóra eða borgarritara og lögð fram á fundi borgarráðs.

Í umsögn Reykjavíkurborgar skal að jafnaði koma skýrt fram hver afstaða borgarinnar er til endanlegrar afgreiðslu málsins. Þ.e. hvort borgin styðji að málið sé samþykkt, leggi til að það taki tilteknum breytingum eða hvort borgin leggist gegn framgangi málsins.

Umsagnir skulu að jafnaði vera 1-2 síður að lengd. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði ef málefnaleg sjónarmið eru til staðar.

Að öðru leyti er vísað til leiðbeininga nefndasviðs Alþingis um ritun umsagna um þingmál, sjá viðauka II með reglum þessum.

4. gr.

Meðferð

Í umsögn Reykjavíkurborgar skal koma fram að fulltrúar Reykjavíkurborgar bjóðist til að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögn með því að mæta fyrir þingnefnd. Ef lagt er til að stjórnarfrumvarp verði fellt og/eða hagsmunir Reykjavíkurborgar eru verulegir skal óska þess að fulltrúar borgarinnar fái áheyrn á fundi þingnefndar.

Skrifstofa borgarstjórnar tekur á móti erindum Alþingis um mætingu fyrir þingnefnd og ber ábyrgð á að boða þá fulltrúa Reykjavíkurborgar sem fylgja málinu eftir, bæði kjörna fulltrúa og starfsfólk.

Þegar um er að ræða mál sem varða verulega hagsmuni Reykjavíkurborgar skulu höfundur umsagnar og skrifstofa borgarstjórnar fylgjast með þinglegri meðferð málsins, þ. á m. hvort efni annarra umsagna kunni að leiða til þess að gerðar séu breytingar á því og hvort þær hafi áhrif á hagsmuni Reykjavíkurborgar. Ef líkur eru á því skal skila framhaldsumsögn.

5. gr.

Samráðsgátt stjórnvalda

Í samráðsgáttinni er að finna áform um lagasetningu, drög að lagafrumvörpum og reglugerðum, stefnumótunarskjöl og fleira. Fagsvið, kjarnasvið og skrifstofur bera ábyrgð á vöktun málefnasviða samkvæmt samráðsgáttinni¹ samkvæmt eftirfarandi skiptingu:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara: Fjölmíðlun, lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála², framhaldsskólastig, háskólastig, heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, sjávarútvegur og fiskeldi, sjúkrahúsþjónusta, utanríkismál.

Skrifstofa borgarstjórnar: Alþingi og eftirlitsstofnanir þess, sveitarfélög og byggðamál, æðsta stjórnsýsla.

Fjármála- og áhættustýringarsvið: Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir, fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar, húsnæðisstuðningur³, markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála⁴, skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.

Borgarlögmaður: Almanna- og réttaröryggi, dómstólar, réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála⁵.

Menningar- og ferðamálasvið: Ferðaþjónusta, menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál⁶.

Velferðarsvið: Fjölskyldumál, lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála⁷, hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta, húsnæðisstuðningur⁸, lyf og lækningavörur, málefni aldraðra, örorka og málefni fatlaðs fólks.

Skóla- og frístundasvið: Leikskólar, grunnskólar, starfsnám, stjórnsýsla mennta- og menningarmála, menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál⁹.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið: Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál, nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, samgöngu- og fjarskiptamál.

Umhverfis- og skipulagssvið: Landbúnaður, orkumál, samgöngu- og fjarskiptamál og umhverfismál.

¹ Málefnasvið eru í samræmi við framsetningu í samráðsgáttinni.

² Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast vöktun lýðheilsumála í þessum flokki.

³ Fjármála- og áhættustýringarsvið (eignaskrifst.) og velferðarsvið fara saman með vöktun á húsnæðisstuðningi.

⁴ Fjármála- og áhættustýringarsvið annast vöktun markaðseftirlits og neytendamála í þessum flokki.

⁵ Borgarlögmaður annast vöktun á stjórnsýslu dómstóla í þessum flokki.

⁶ Menningar- og ferðamálasvið annast vöktun á menningu og listum í þessum flokki.

⁷ Velferðarsvið annast vöktun á stjórnsýslu velferðarmála í þessum flokki.

⁸ Fjármála- og áhættustýringarsvið (eignaskrifst.) og velferðarsvið fara saman með vöktun á húsnæðisstuðningi.

⁹ Skóla- og frístundasvið annast vöktun á íþróttá- og æskulýðsmálum í þessum flokki.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið: Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnslá atvinnumála¹⁰, vinnumarkaður og atvinnuleysi.

Íþróttá- og tómsundasvið: Menning, listir og íþróttá- og æskulýðsmál¹¹.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa: Réttinda einstaklinga, trúmál og stjórnslá dómsmála¹², örorka og málefni fatlaðs fólks.

Hver ábyrgðaraðili skal tilnefna tengilið sem ber ábyrgð á vöktun málefnasviðanna á hverjum stað og tilkynna til skrifstofu borgarstjórnar. Tengiliðurinn fær rafræna heimild til að skila inn umsögnum rafrænt í nafni Reykjavíkurborgar á grundvelli umboðs.

Ef tengiliður metur það svo að þörf sé á aðkomu fleiri við gerð umsagnar í samráðsgátt eða að málið eigi heima á öðru sviði/skrifstofu þá ber að framsenda málið með afriti á skrifstofu borgarstjórnar.

Tengiliðurinn skal jafnframt senda umsögnina til skrifstofu borgarstjórnar sem annast miðlæga skjölun og birtingu á vef Reykjavíkurborgar. Öll erindi skal senda á netfangið althingi@reykjavik.is

Að öðru leyti skal fara með umsagnir í samráðsgátt í samræmi við ákvæði verklagsreglna þessara um þingmál eins og við á.

Skrifstofa borgarstjórnar

11.11.2020

¹⁰ Mannauðs- og starfsumhverfissvið annast vöktun á stjórnslá atvinnumála í þessum flokki.

¹¹ Íþróttá- og tómsundasvið annast vöktun á íþróttá- og æskulýðsmálum í þessum flokki.

¹² Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa annast vöktun á réttindum einstaklinga og trúmálum í þessum flokki.

Viðauki I.

Reglur um meðferð erinda til þingnefnda

1. gr.

Reglur þessar eiga við um erindi sem beint er til þingnefnda, þ.e. fastanefnda, sérnefnda og eftir atvikum annarra þingmannanefnda.

Með erindum er átt við umsagnir, álit og önnur gögn frá ráðuneytum, stofnunum, samtökum og einstaklingum utan Alþingis.

2. gr.

Erindi skulu skráð og varðveitt á skrifstofu Alþingis.

3. gr.

Aðgangur að erindum til nefnda skal öllum heimill. Erindi skulu birt á vef Alþingis eins fljótt og unnt er eftir að þau hafa borist.

Nefnd getur samþykkt að aðgangur að tilgreindum erindum eða erindum er varða tiltekið þingmál sé óheimill þar til afgreiðslu máls lýkur. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um alþingismenn og starfsmenn Alþingis og þingflokka.

Alltaf skal heimilt að afhenda erindi þegar afgreiðslu máls er lokið frá þingnefnd, sbr. þó 4. gr.

4. gr.

Um erindi sem hafa að geyma trúnaðarupplýsingar fer eftir reglum forsætisnefndar um meðferð upplýsinga sem háðar eru þagnarskyldu eða bundnar fyrirmælum um trúnað.

5. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 28. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis.

(Samþykkt á fundi forsætisnefndar 5. desember 1994, breytt 28. nóvember 2011.)

Viðauki II.

Leiðbeiningar um umsagnir um þingmál

Nefndir senda að jafnaði öll þingmál sem þær hafa til umfjöllunar til umsagnar þeim er málið varðar. Yfirleitt er umsagnaraðilum veittur tveggja til þriggja vikna frestur til að koma skriflegum athugasemdum á framfæri við nefnd. Þessi frestur getur þó verið styttri eða lengri eftir aðstæðum hverju sinni. Það fer eftir eðli og umfangi máls hve margir fá það til umsagnar.

Ákvörðun um hverjum skuli send þingmál til umsagnar er tekin á nefndarfundi. Venja er að verða við öllum óskum sem fram koma um umsagnaraðila frá nefndarmönnum. Rétt er að hafa í huga að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að svara.

Öllum er frjálst að senda nefnd skriflega umsögn um þingmál að eigin frumkvæði og hefur slík umsögn sömu stöðu og þær sem berast samkvæmt beiðni nefndar.

Meginreglan er sú að aðgangur að erindum til nefnda er öllum heimill og eru þau birt á vef.

Sjá nánar í [reglum](#) sem forsætisnefnd hefur sett um meðferð erinda til þingnefnda.

Leiðbeiningar um ritun umsagna

Umsögn skal vera skýr og skipulega upp sett til að auðvelda þingnefnd yfirferð og mat á efni hennar. Eftirfarandi atriði skal hafa að leiðarljósi:

- Merkið umsögn greinilega með nafni sendanda, dagsetningu og númeri og heiti þingmáls.
- Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
- Ef um er að ræða frumvarp er best að fylgja efnisröðun frumvarpsins, þó þannig að fyrst komi almennt álit um málið sé þess talin þörf. Þá skal gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Best er að fylgja einfaldlega uppsetningu frumvarpsins þannig að athugasemdir og hugleiðingar um efni einstakra greina komi fram undir númeri greinar.
- Óþarfi er að fjalla um aðrar greinar frumvarpsins en þær sem umsagnaraðili gerir athugasemdir við.
- Athugið að ekki er unnt að breyta texta í greinargerð með frumvarpinu eftir að mál hefur verið lagt fram á Alþingi. Það er texti lagafrumvarpsins sem Alþingi samþykkir sem lög en texti greinargerðar með frumvarpi hefur ekki lagagildi sem slíkur og er einungis til skýringar. Athugasemdir við framsetningu efnis í greinargerð gætu því komið fram í almennri umfjöllun um frumvarpið.
- Mikilvægt er að tillögur um breytt orðalag, viðbætur við einstakar greinar eða kafla, brottfellingar og þess háttar komi skýrt fram.
- Athugið að gera ekki aðeins athugasemd um að orðalag sé óljóst, tvírætt eða ónákvæmt, betra er að rökstyðja í kjölfarið hvað er óljóst við textann og hvernig umsagnaraðili leggur til að orðalagið verði.
- Sömu grundvallarreglur gilda um umsagnir um tillögur til þingsályktunar að breyttu breytanda.
- Fylgiskjöl mega fylgja umsögn en mælt er til þess að umfang þeirra sé takmarkað eftir megni.

Svör við umsagnarbeiðnum og athugasemdir um þingmál skal senda á rafrænu formi á netfangið nefndasvid@althingi.is.